

## Re: Hlíðargata 35-37 Þingeyri, lóð

**Til** : Bragi Þór Haraldsson <bragi@stodehf.is>  
**Frá** : Hugrún Árnadóttir <is77@simnet.is>  
**CC** : Guðmundur Rafn Kristjánsson <gudmundurk@isafjordur.is>; Skipulag <skipulag@isafjordur.is>  
**Heiti** : Re: Hlíðargata 35-37 Þingeyri, lóð  
**Málsnúmer** : 2021100054  
**Málsaðili** : Ísafjarðarbær - Skipulagsfulltrúi  
**Skráð dags** : 28.12.2022 12:30:37  
**Höfundur** : Hugrún Árnadóttir <is77@simnet.is>

[Some people who received this message don't often get email from is77@simnet.is. Learn why this is important at <https://aka.ms/LearnAboutSenderIdentification> ]

Sælir

Fyrir hönd SE ehf kennitala 5302080600 eiganda efri hæðar Hlíðargötu 37, Þingeyri samþykki ég athugasemdir Braga Þórs Haraldssonar á fyrirhuguðum lóða breytingum á lóðum 35 og 37 við Hlíðargötu á Þingeyri.

Fyrir hönd SE ehf  
Stefán Egilsson

----- Upprunaleg skilaboð -----

Frá: "Bragi Þór Haraldsson"  
Til: "Guðmundur Rafn Kristjánsson"  
Cc: "Skipulag" , "is77"  
Sent: Miðvikudagur, 28. Desember, 2022 11:55:17  
Efni: RE: Hlíðargata 35-37 Þingeyri, lóð

Sæll Muggur

Hér kemur mælingin mín á Hlíðargötunni á Þingeyri. Sendi sem teiknisrá fyrir alla götuna og pdf útgáfu fyrir lóðirnar nr. 35 og 37. Sendi líka ljósmynd af lóðarhluta nr. 37

Ætlaði að vera búinn að senda þetta en covid veiran náði mér að lokum þrátt fyrir 4 sprautur.

Skekkiþykningin í mælingunni eru 10-15 mm í láréttu plani.

Ég tel að upprunalega afstöðumyndin í mkv. 1:500 sem þú sendir mér sé í fullu gildi og þar er lóðinni skipt jafnt milli nr. 35 og 37. Lóðarblaðið sem unnið var í ágúst 2020 getur alls ekki gilt þar sem það gerir ekki ráð fyrir jafn stórra lóð hjá nr. 35 og 37 og þar að auki eru lóðirnar sýndar talsvert út í götu.

Á lóðarblaðinu er eingöngu gefið upp landnúmerið 140842 fyrir lóð nr. 35 en lóð nr. 37 hefur landnúmerið 140843.

Í Fasteignaskrá HMS eru lóðir nr. 35 og 37 skráðar jafn stórar 400 m<sup>2</sup> hvor um sig en ættu að vera 812,5 m<sup>2</sup>.

Þegar kortasjá Ísafjarðarbæjar er skoðuð með landeignaskrá HMS þá birtast lóðirnar nr. 35 og 37 skv. lóðarblaðinu frá ágúst 2020.

Á deiliskipulagstillögu fyrir Hlíðargötu á Þingeyri dags. 25. október 2022 virðast lóðamörk fyrir nr. 35 og 37 út við götu komin nokkurn veginn á réttan stað en lóðirnar eru mis stórar eins og á lóðarblaðinu frá ágúst 2020 og samanlögð stærð lóðanna hefur minnkað, væntanlega vegna færslu lóðamarkanna út við götu.

Mæling á áætluðum lóðamörkum út frá göflum hússins var gerð á fláabrún lóða og passar ágætlega við 18,5 m fjarlægð frá göflum eins og sýnt er á upprunalegu afstöðumyndinni. Lóðirnar hafa verið hirtar og þeim sinnt út fyrir þessi vel út fyrir þessi mörk á undanförunum árum.

Ég undirritaður Bragi Þór Haraldsson er eigandi íbúðar á neðri hæð Hlíðargötu 37 ásamt Sigríði J. Andrésdóttur eiginkonu minni og við gerum athugasemd við þessa breytingu á lóðum nr. 35 og 37 við Hlíðargötu á Þingeyri. Við teljum að lóðarmörk eigi að vera 18,5 m út frá göflum hússins og 5 m út frá húsi að götu eins og sýnt er á upprunalegri afstöðumynd fyrir fjórþýlishúsið. Við gerum ekki athugasemd við að lóðamörkin verði færð að lóðum við Brekkugötu, og stækki þar af leiðandi

eitthvað

Sauðárkróki 28. desember 2022

Bragi Þór Haraldsson

From: Guðmundur Rafn Kristjánsson  
Sent: 13. desember 2022 14:18  
To: Bragi Þór Haraldsson  
Subject: Hlíðargata 35-37 Þingeyri, lóð

Sæll Bragi!

Hér er það sem ég fann hér hjá okkur.

Þú ættir að geta notað hnitin á mæliblaðinu (Hlíðargata 25-37, Þingeyri samþ.pdf) til að bera saman við það sem þú innmældir.

Mér sýnist afstöðumyndin vera nokkuð rökrétt og passar við lóðarleigusamninginn (1.625 m<sup>2</sup>).

Lóðarleigusamningurinn rennur út eftir 11 ár.

Þú lætur vita ef það þarf eitthvað fleira. Við skoðum þetta hér innanhúss vegna deiliskipulagsins. Líklega er þó rétt að þú gerir athugasemd við deiliskipulagstillöguna, svo þetta sé formlegt.

Kveðja,  
Muggur

[cid:image001.png@01D91A9E.AA229B90]

Guðmundur Rafn Kristjánsson  
Skipulagssvið  
Ísafjarðarbær  
450 8000 - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun og silfurvottun EarthCheck.  
Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.